

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/793*  
*komudagur 5.2.2007*



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.01.2007  
Tilv. 164/2006 - 1.05.02  
AEÓ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga vegna breytingar á lögum um umferðarlög, nr. 50/1987.**

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp þetta.

Ekki hafa verið tekin saman gögn á vegum Lýðheilsustöðvar um möguleg áhrif breytinga á bílprófsaldri á slysatíðni. Á vegum Rannsóknarnefndar umferðaslysa, hefur verið tekin saman skýrsla um unga ökumenn og umferðaröryggi þar sem fjallað er sérstaklega um áhrif aldurs og reynslu á slysatíðni ökumanna. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé vissa fyrir því að hækkun ökuréttindaaldurs úr 17 árum í 18 muni fækka slysum og að æfingaleyfi í 12 mánuði sé fýsilegri kostur en bein hækkun ökuréttindaaldurs úr 17 árum í 18.

Rannsóknir sýna að orsakir slysa liggja að mestu í reynsluleysi og glannaskap sumra ungra ökumannanna. Mikilvægast er því væntanlega að áfram sé gert ráð fyrir að æfingaaksturstími sé eitt ár og að ungmennin fái þá að aka undir handleiðslu foreldris, forráðamanns eða annars lögráða einstaklings með góða reynslu af akstri. Á æfingaaksturstíma fari jafnframt fram bókleg og ekki síður verkleg kennsla til að auka færni væntanlegs ökumanns. Bókleg fræðsla þyrfti hugsanlega að vera viðameiri en nú er þar sem meira væri rætt um slys, skyndihjálp, orsakir slysa og afleiðingar. Einnig væri heppilegt að til væri aðstaða þar sem þjálfra mætti ungmennin við akstur við mismunandi akstursskilyrði, s.s. hálfu og bleytu.

Í ljósi þess að á Íslandi öðlast ungmenni flestan sinn rétt og þar með skyldur og ábyrgð við 18 ára aldur er hins vegar réttlætanlegt að hækka bílprófsaldur úr 17 árum í 18.

*Anna E. Ólefs.*

virðingarfyllt  
Anna Elísabet Ólafsdóttir  
forstjóri Lýðheilsustöðvar